

Rannsóknir á seiðastofnum í Húseyjarkvísl árið 2007

Karl Bjarnason og Eik Elfarsdóttir

Skagafirði 2007

VMST/07041



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Rannsóknir á seiðastofnum Húseyjarkvíslar fóru fram með rafveiðum 21. og 28. ágúst 2007. Markmið rannsóknanna var að kanna seiðabúskap árinna, en með rafveiðum má fá upplýsingar um þéttleika seiða, útbreiðslu og ástand þeirra. Samskonar rannsóknir hafa verið gerðar í Húseyjarkvísl um langt árabíl og gefur það tækifæri á að fylgjast með breytingum frá ári til árs. Með slíkum langtímarannsóknum eykst vitneskja um lífríki árinna smám saman og þar með verður auðveldara að ákvarða á hvaða hátt skynsamlegast sé að umgangast hana og nýta.

Rafveitt var á fjórum hefðbundnum stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 133 - 513 m², minni veiðisvæðin voru þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það að markmiði að fá sem gleggsta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og valdir staðir, eins og kostur er, sem eru einkennandi fyrir hvern árkafla. Einnig var veitt við sex tilbúna grjótgarða, en þar voru veiðisvæðin 15 - 27 m² að stærð og er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar rannsóknar í sérstökum kafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað. Þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt gefur þetta seiðavísitölu, þ.e. fjölda seiða á hverja 100 m² $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (tölur 1 og 2).

Meðallengd og -þyngd allra laxa- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 3-8). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa- og urriðaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (tölur 9 og 10).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2007, bæði fyrir hefðbundna veiðistaði og einnig veiði við grjóttgarða (tölur 11-22). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hversrar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (tölur 11-16).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$ (tölur 17-22).

Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Húseyjarkvísl eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd og meðalástandsstuðla allra árganga laxa- og urriðaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2007 (tölur 23-28). Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar fyrir laxa-, bleikju- og urriðaseiði tekin saman fyrir sama árabíl á hefðbundnu veiðistöðunum (tölur 29-31).

Niðurstöður rafveiða á hefðbundnum rafveiðistöðum

Efsti rafveiðistaðurinn í Húseyjarkvísl var eins og undanfarin ár rétt neðan við Reykjafoss (staður 1, mynd 1). Þar veiddust eins- og tveggja ára laxaseiði í nokkuð miklu magni og vart varð við vorgömul seiði (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul urriðaseiði reyndust vera í miklum þéttleika og fáein eins árs urriðaseiði fundust (tafla 2, mynd 3a).

Næstefsti rafveiðistaðurinn er rétt ofan við Saurbæjarbrú (staður 2, mynd 1). Þar voru vorgömul laxaseiði í nokkrum þéttleika og vart varð við eins árs laxaseiði en engin eldri

(tafla 1, mynd 2a). Vorgömul urriðaseiði voru í miklu magni á þessum stað og var það eini árgangur þeirra sem sást (tafla 2, mynd 3a).

Við Laugarhyl, (staður 3, mynd 1), veiddust þrír árgangar af laxaseiðum og reyndust eins- og tveggja ára laxaseiði vera í nokkuð miklum þéttleika, en minna var af vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2a). Mjög mikið fannst af vorgömlum urriðaseiðum og vart varð við eins- og tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3a).

Neðsti rafveiðistaðurinn er neðan við Glaumbæ (staður 4, mynd 1). Eins og undanfarin ár fundust þar engin laxaseiði (tafla 1), en þrjú árgömul urriðaseiði veiddust (tafla 2, mynd 3a) og eitt hornsíli. Eins og áður var talsverður aurburður úr Héraðsvötnum á þessum rafveiðistað.

Þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða á rafveiðistöðunum fjórum í Húseyjarkvísl var nokkru minni 2007 en árið á undan, en heldur meiri hjá tveggja ára seiðunum (töflur 1 og 11). Heildarþéttleiki laxaseiða er þó nálægt meðaltali síðustu ára og dreifing seiðanna góð á þremur efstu rafveiðistöðunum, en á neðsta staðnum, stað 4, veiddust engin laxaseiði frekar en fyrri ár. Mikið reyndist vera af vorgömlum urriðaseiðum í ánni þótt þéttleiki þeirra væri talsvert minni en tvö síðustu ár (töflur 2 og 13). Þéttleiki árgamalla urriðaseiða var hinsvegar í lægri kantinum miðað við fyrri rannsóknir og aðeins eitt tveggja ára urriðaseiði veiddist á hefðbundnu rafveiðistöðunum í rannsókninni.

Meðallengd og -þyngd vorgömlu laxaseiðanna reyndist mun meiri en síðustu tvö ár og nálgast talsvert góðu árin þar á undan. Eins árs seiðin hafa að mestu unnið upp hægari vöxt árið 2006, en tveggja ára seiðin eru heldur minni en jafnaldrar þeirra á síðustu árum (töflur 3, 4, 23 og 24). Vöxtur allra árganga urriðaseiða hefur verið mjög góður og eru þau bæði stærri og þyngri en síðustu ár og vel yfir meðaltali síðustu sex ára (töflur 6, 7, 26 og 27). Ástand, eða holdafar, bæði laxa- og urriðaseiða er mjög gott og vel yfir viðmiðunarmörkum (töflur 5, 8, 25 og 28).

Vísitala lífþyngdar þ.e. þyngd laxaseiða á hverja 100 m² var mjög áþekk og árið áður og byggist eins og þá fyrst og fremst á styrkleika eins- og tveggja ára seiða (töflur 9 og 29). Lífþyngd urriðaseiða reyndist hinsvegar mun minni en tvö síðustu ár enda veiddist mjög lítið af seiðum sem voru árgömul og eldri (töflur 10 og 31).

Niðurstöður rafveiða við grjótgarða

Að þessu sinni var rafveitt við sex grjótgarða og voru fimm þeirra kringum Saurbæjarbrú, einn fyrir ofan brúna og fjórir fyrir neðan hana. Auk þess var veitt við grjótgarð við Laugarhyl. Á árinu var gert átak í lagfæringum og endurbyggingu garðanna sem væntanlega verður til mikilla bóta enda voru margir þeirra mjög illa farnir.

Rafveitt var við neðsta grjótgarðinn fyrir ofan Saurbæjarbrú, sem er við neðri enda á hólma í ánni. Þar veiddust þrír árgangar laxaseiða, vorgömul til tveggja ára, og allir reyndust í góðum þéttleika, einkum þó árgömlu seiðin eins og á síðasta ári (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mjög mikill og vart varð við árgömul seiði (tafla 2, mynd 3b).

Efsti grjótgarðurinn fyrir neðan Saurbæjarbrú sem veitt var við (grjótg.f.n.Saurbbrú 1) er á móts við bogaskemmu í Saurbæ. Þar fundust engin laxaseiði á fyrsta aldursári en eins- og tveggja ára í miklum þéttleika og talsvert var af þriggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul urriðaseiði voru í mjög miklum þéttleika og talsvert var þar einnig af árgömlum seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Veitt var við illa farinn grjótgarð á móts við enda á trjagarði neðan vegar að Saurbæ (grjótg. f.n.Saurbbrú 2). Engin laxaseiði fundust við grjótgarðinn (tafla 1) en vorgömul urriðaseiði voru þar hinsvegar í mjög miklum þéttleika en minna af eins árs urriðaseiðum (tafla 2, mynd 3b).

Næstneðsti grjótgarðurinn fyrir neðan Saurbæjarbrú var nýlagfærður (grjótg. f.n.Saurbbrú 3). Þar veiddust eins- og tveggja ára laxaseiði og voru tveggja ára seiðin í talsverðu

magni (tafla 1, mynd 2b). Fjórir árgangar fundust af urriðaseiðum, þar sem vorgömul seiði voru í mjög miklu magni og talsvert var af eins árs seiðum en minna af tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 2, mynd 3b).

Á móts við útihúsin í Saurbæ er nýr eða nýlagfærður grjótgarður. Hann er jafnframt sá neðsti á þessu svæði (grjótg. f.n.Saurbbrú 4). Tveggja ára laxaseiði reyndust vera í talsverðu magni þar og mikið var einnig af eins árs og vorgömlum seiðum (tafla 1, mynd 2b). Þá voru vorgömul urriðaseiði í mjög miklum þéttleika og nokkuð var þar af eins árs seiðum (tafla 2, mynd 3c).

Grjótgarðinn við Laugarhyl var einnig búið að lagfæra. Þar veiddust fjórir árgangar af laxaseiðum og voru eins- og tveggja ára í talsverðum þéttleika en minna var af vorgömlum og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2c). Vorgömul urriðaseiði voru í nokkrum þéttleika og vart varð við eins- og tveggja ára seiði (tafla 2, mynd 3c).

Þéttleiki laxaseiða við grjótgarðana var mikill eins og reyndin hefur verið undanfarin ár. Að þessu sinni voru tveggja ára seiði í mestum þéttleika og mun meiri en mælst hefur frá árinu 2001. Eins árs laxaseiði voru einnig í mjög góðum þéttleika þótt hann hafi verið heldur minni en tvö síðustu ár, en mun minna var af vorgömlum seiðum en verið hefur (töflur 1 og 14). Eins og áður var þéttleiki vorgamalla urriðaseiða geisimikill við grjótgarðana og talsvert magn þar af árgömlum seiðum, en mun minna af tveggja og þriggja ára urriðaseiðum (töflur 2 og 16).

Enginn mælanlegur munur er á stærð og holdafari laxa- og urriðaseiðanna við grjótgarðana í samanburði við hefðbundnu veiðistaðina (töflur 3-8 og 23-28) og vísast því til þeirrar umfjöllunar. Vísitala lífþyngdar eða þyngd laxaseiða á hverja 100m² við grjótgarðana var gífurlega mikil og mun meiri en verið hefur, sem byggist fyrst og fremst á miklum þéttleika tveggja ára seiða (tafla 9). Engin laxaseiði veiddust þó við einn grjótgarðinn (grjótg.f.n.Saurbbrú 2) en við hina garðana þrjá, neðan við Saurbæjarbrú, var lífþyngd hinsvegar geysilega mikil. Vísitala lífþyngdar urriðaseiða við grjótgarðana var

einnig mjög há og byggðist nær eingöngu á þéttleika vorgamalla og eins árs seiða (tafla 10).

Veiðin 2007

Sumarið 2007 veiddust í Húseyjarkvísl 161 lax og var 156 sleppt aftur (tafla 32). Stærð 124 laxa var ekki skráð og því ekki hægt að segja til um hvort þeir voru smá- eða stórlaxar. Aðeins 37 laxar voru vegnir og voru 8 þeirra stórlaxar, einn hængur og sjö hrygnur (tafla 34). Flestir laxarnir veiddust frá 22. júlí til 22. september, en besta veiðin var þó fyrstu vikuna í júlí, eða 25 laxar. Fyrir þann tíma veiddust aðeins 5 laxar (mynd 4). Laxarnir sem voru vegnir voru flestir 2,0 - 3,0 kg að þyngd, sá minnsti var 1,0 kg hængur og þeir stærstu 5,5 kg hrygnur (myndir 5 og 6).

Eins og áður var lítil bleikjuveiði í Húseyjarkvísl en þar veiddust nú 14 bleikjur og var 7 þeirra sleppt aftur í ána (tafla 32). Mjög góð urriðaveiði var í ánni 2007, skráðir voru alls 597 urriðar og 324 var sleppt aftur (tafla 32). Veiði þeirra dreifðist nokkuð jafnt yfir tímabilið frá 1. apríl til 20. október ef frá er talið tímabilið frá 22. júlí til 4. ágúst þegar engin veiði er skráð. Mest veiddist þó um miðjan maí og uppúr miðjum ágúst (mynd 4). Urriðarnir reyndust vera á bilinu 0,5 – 5,5 kg en flestir voru þó 0,5 - 1,0 kg að þyngd (mynd 5).

Umræður

Rannsóknir á seiðastofnum Húseyjarkvíslar sumarið 2007 sýna ágætt ástand seiðastofna í ánni. Einkum er árgangur tveggja ára laxaseiða sterkur og árgömul seiði eru einnig í góðum þéttleika. Þrátt fyrir að þéttleiki vorgamalla seiða mælist nú heldur minni en síðustu ár er þau að finna á öllum efstu rafveiðistöðunum og virðast því vel dreifð um ána líkt og eins árs seiðin. Seiði hafa dafnað vel í ánni sumarið 2007 og eldri árgangarnir að mestu unnið upp nokkuð minni vöxt árið 2006 en árin þar á undan og eru vorgömlu seiðin talsvert stærri en jafnaldrar þeirra síðustu tvö ár. Holdafar seiðanna er einnig mjög gott eins og undanfarin ár.


Laxaseiði í Húseyjarkvísl, sem og annarsstaðar á norðurlandi, hafa dafnað mjög vel undanfarin ár og gengið fyrir til sjávar en ella. Í Húseyjarkvísl ganga þau nú flest til sjávar vorið sem þau eru þriggja ára en áður fyrir fór stór hluti þeirra ekki fyrir en fjögurra ára. Gangi laxaseiða til sjávar vorið 2007 virðist hafa verið með betra móti og ef stærsti hluti laxaseiðanna heldur áfram að ganga til sjávar þriggja ára eins og útlit er fyrir má vænta ívið stærri göngu til sjávar 2008. Ef endurheimtur úr hafi verða góðar og önnur skilyrði hagstæð er hægt að gera sér von um góða laxveiði í Húseyjarkvísl sumurin 2008 og 2009.

Urriðaseiðin í Húseyjarkvísl hafa dafnað mjög vel, eru stór og í góðum holdum. Þéttleiki þeirra er örlítið minni en síðustu ár en þá hefur hann reyndar verið með meira móti. Seiðin eru nokkuð vel dreifð um ána, sér í lagi vorgömlu seiðin og eins og áður er þau að finna í miklu magni við grjótgarðana.




Verulegar lagfæringar og endurbætur hafa verið gerðar á grjótgördunum í Húseyjarkvísl að undanförunu og var ekki orðin vanþörf á. Grjótgarðarnir hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem uppeldissvæði fyrir seiði á þeim árköflum sem áður nýttust illa. Þessar endurbætur virðast hafa tekist nokkuð vel og leitt til þess að garðarnir eru nú betur nýttir af eldri árgöngum laxaseiða en áður, til að mynda tveggja ára seiðum en sá árgangur er nú nokkuð stór í ánni. Langmest var þó af vorgömlum urriðaseiðum við garðana eins og undanfarin ár.

Veiði í Húseyjarkvísl var mjög góð árið 2007. Alls veiddist 161 lax sem er næstmesta veiði allt frá árinu 1992, en árið 2004 veiddust þar 162 laxar. Laxveiði síðustu fjögurra ára hefur verið með því besta sem sést hefur í Húseyjarkvísl frá árinu 1974 (Guðni Guðbergsson, VMST/07023). Þá var sett met í urriðaveiði í Húseyjarkvísl sumarið 2007 en alls veiddust þar 597 urriðar sem er mesta veiði samkvæmt veiðiskráningu sem nær frá árinu 1987 (Guðni Guðbergsson, VMST/07023).


Undanfarin ár hafa fiskistofnar Húseyjarkvíslar verið að eflast verulega. Hrygning hefur verið góð, seiðaárgangar skila sér vel milli ára, seiðin vaxa vel og hafa verið að ganga fyrir til sjávar en áður sem eykur afkastagetu uppeldissvæða árinna. Lax hefur að auki skilað sér vel til baka úr hafi og veiði verið með besta móti. Með því að sleppa öllum laxi eins og nú er gert í Húseyjarkvísl eykst sá fjöldi laxa sem nær að hrygna í ánni og seiðaárgangar gætu því styrkst enn frekar. Sá árgangur seiða sem gekk til sjávar vorið 2007 og sá sem mun ganga 2008 voru mjög sterkir og því hægt að horfa nokkuð bjartsýnum augum til a.m.k. næstu tveggja veiðisumra.




Mynd 1: Rafveiðistaðir í Húseyjarkvísl




Mynd 2a: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.




Mynd 2c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.




Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.




Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.




Mynd 3c: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.



Mynd 4: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2007.



Mynd 5: Þyngdardreifing veiddra laxa, bleikju og urriða í Húseyjarkvísl sumarið 2007.



Mynd 6: Þyngdardreifing veiddra laxa í Húseyjarkvísl sumarið 2007 eftir kyni.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	405	0,49	10,37	3,70	
Staður 2	513	2,53	0,39		
Staður 3	133	3,01	8,27	6,77	
Fyrir neðan Glaumbæ	144				
Grjótg. f.o.Saurbbrú, neðri	27	14,81	25,93	14,81	
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 1	15		46,67	53,33	6,67
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 2	11				
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 3	18		5,56	44,44	
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 4	15	13,33	26,67	73,33	
Grjótg við Laugarhyl	27	7,41	29,63	29,63	3,70

Tafla 2: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2007.

Staður nr.	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	405	16,54	0,74		
Staður 2	513	12,09			
Staður 3	133	54,89	1,50	0,75	
Fyrir neðan Glaumbæ	144		2,08		
Grjótg. f.o.Saurbbrú, neðri	27	155,56	3,70		
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 1	15	386,67	33,33		
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 2	11	254,55	9,09		
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 3	18	272,22	66,67	16,67	5,56
Grjótg. f.n. Saurbbrú, 4	15	340,00	13,33		
Grjótg við Laugarhyl	27	66,67	3,70	3,70	

Tafla 3: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2007

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,60	0,00	2	7,56	0,40	42	10,63	0,54	15			
Staður 2	4,11	0,44	13	7,05	0,07	2						
Staður 3	4,30	0,29	4	7,40	0,35	11	11,09	0,85	9			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Neðri grjótg. f.o Saurbæjarbrú	4,33	0,38	4	7,07	0,85	7	10,28	0,82	4			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 1				7,56	0,89	7	11,18	0,89	8	13,20		1
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2												
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 3				7,00		1	11,60	0,37	8			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 4	4,30	0,00	2	7,90	0,83	4	11,45	0,66	11			
Grjótg. við Laugarhyl	4,10	0,28	2	7,56	0,62	8	10,40	0,41	8	13,20		1
Samtals	4,22	0,38	27	7,50	0,55	82	10,98	0,77	63	13,20	0,00	2

Tafla 4: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2007

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,00	0,00	2	4,72	0,79	42	13,06	1,73	15			
Staður 2	0,81	0,26	13	3,95	0,49	2						
Staður 3	0,90	0,26	4	4,36	0,64	11	14,82	3,51	9			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Neðri grjótg. f.o Saurbæjarbrú	0,98	0,21	4	4,00	1,39	7	12,50	2,74	4			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 1				4,93	1,95	7	15,90	4,15	8	27,00		1
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2												
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 3				3,90		1	17,51	1,19	8			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 4	0,75	0,07	2	5,90	2,62	4	17,62	3,02	11			
Grjótg. við Laugarhyl	0,85	0,21	2	4,98	0,93	8	12,48	1,89	8	23,50		1
Samtals	0,86	0,23	27	4,68	1,13	82	14,92	3,30	63	25,25	2,47	2

Tafla 5: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2007 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,03	0,00	2	1,08	0,06	42	1,08	0,06	15			
Staður 2	1,14	0,17	13	1,13	0,11	2						
Staður 3	1,13	0,30	4	1,07	0,08	11	1,07	0,06	9			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Neðri grjótg. f.o Saurbæjarbrú	1,19	0,05	4	1,09	0,11	7	1,14	0,08	4			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 1				1,10	0,08	7	1,12	0,08	8	1,17		1
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2												
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 3				1,14		1	1,12	0,05	8			
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 4	0,94	0,09	2	1,14	0,11	4	1,16	0,08	11			
Grjótg. við Laugarhyl	1,22	0,05	2	1,15	0,08	8	1,11	0,14	8	1,02		1
Samtals	1,13	0,17	27	1,09	0,08	82	1,11	0,08	63	1,10	0,11	2

Tafla 6: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2007

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,96	0,29	67	8,43	0,31	3						
Staður 2	4,47	0,39	62									
Staður 3	5,13	0,41	73	8,40	1,13	2	11,80		1			
Fyrir neðan Glaumbæ				8,23	0,64	3						
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	4,48	0,39	42	7,80		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	4,88	0,55	58	8,54	0,96	5						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	5,22	0,48	28	8,20		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 3	5,08	0,40	49	8,38	0,56	12	11,27	0,25	3	13,6		1
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	5,05	0,43	51	8,90	0,42	2						
Grjótg. við Laugarhyl	5,36	0,49	18	7,70		1	12,20		1			
Samtals	4,92	0,50	448	8,39	0,62	30	11,56	0,46	5	13,6		1

Tafla 7: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2007

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,35	0,27	67	7,00	0,69	3						
Staður 2	1,01	0,27	62									
Staður 3	1,52	0,44	73	6,60	2,26	2	18,70		1			
Fyrir neðan Glaumbæ				6,23	1,50	3						
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,05	0,29	42	5,40		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	1,41	0,45	58	7,44	2,17	5						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	1,65	0,46	28	6,20		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 3	1,50	0,39	49	7,19	1,60	12	17,00	1,78	3	30,90		1
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	1,51	0,46	51	8,50	0,85	2						
Grjótg. við Laugarhyl	1,79	0,53	18	4,60		1	21,10		1			
Samtals	1,38	0,44	448	6,99	1,61	30	18,16	2,20	5	30,90		1

Tafla 8: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2007, eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,10	0,10	67	1,17	0,04	3						
Staður 2	1,11	0,15	62									
Staður 3	1,10	0,12	73	1,10	0,06	2	1,14		1			
Fyrir neðan Glaumbæ				1,10	0,04	3						
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,14	0,10	42	1,14		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	1,17	0,07	58	1,17	0,09	5						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	1,13	0,06	28	1,12		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 3	1,12	0,09	49	1,20	0,07	12	1,19	0,05	3	1,23		1
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	1,13	0,09	51	1,21	0,05	2						
Grjótg. við Laugarhyl	1,13	0,12	18	1,01		1	1,16		1			
Samtals	1,12	0,11	448	1,16	0,08	29	1,17	0,04	5	1,23		1

Tafla 9: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2007. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	0,5	49,0	48,4			97,8
Staður 2	2,0	1,5				3,6
Staður 3	2,7	36,1	100,3			139,1
Fyrir neðan Glaumbæ						0,0
Grjótg. f.o.Saurbbrú neðri	14,4	103,7	185,2			303,3
Grjótg. f.n. Saurbbrú 1		230,0	848,0	180,0		1258,0
Grjótg. f.n. Saurbbrú 2						0,0
Grjótg. f.n. Saurbbrú 3		21,7	778,3			800,0
Grjótg. f.n. Saurbbrú 4	10,0	157,3	1292,0			1459,3
Grjótg við Laugarhyl	6,3	147,4	369,6	87,0		610,4

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2007. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	22,3	5,2				27,5
Staður 2	12,2					12,2
Staður 3	83,4	9,9	14,1			107,4
Fyrir neðan Glaumbæ		13,0				13,0
Grjótg.f.o.Saurbbrú neðri	163,0	20,0				183,0
Grjótg. f.n. Saurbbrú 1	545,3	248,0				793,3
Grjótg. f.n. Saurbbrú 2	419,1	56,4				475,5
Grjótg. f.n. Saurbbrú 3	408,9	479,4	283,3	171,7		1343,3
Grjótg. f.n. Saurbbrú 4	512,0	113,3				625,3
Grjótg við Laugarhyl	119,3	17,0	78,1			214,4

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	3,17	5,72	2,67	1,83	
2002	4	1395		0,11	0,43	0,10	0,05
2003	4	1645	1,43	3,48	2,44	0,52	
2004	4	956	2,06	8,24	1,12		
2005	4	1352	2,19	4,65	0,20		
2006	4	1168	4,85	10,71	1,85		
2007	4	1195	1,51	4,76	2,62		

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725					
2002	4	1395	0,15				
2003	4	1645					
2004	4	956	0,25				
2005	4	1352					
2006	4	1168					
2007	4	1195					

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	7,28	1,67			
2002	4	1395	2,74				
2003	4	1645	17,83	3,64	0,08		
2004	4	956	20,38	2,03	0,21		
2005	4	1352	59,47	3,61			0,22
2006	4	1168	43,78	11,28	1,06		
2007	4	1195	20,88	1,08	0,19		

Tafla 14: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	16,07	32,74	2,38	16,67
2002	4	67	9,05	6,93	2,47	16,99
2003	3	80	9,75	14,06	2,72	1,59
2004	4	70	17,86	20,99	8,57	
2005	6	100	51,76	27,35	1,49	2,18
2006	4	57	23,59	36,90	9,74	
2007	6	113	5,93	22,41	35,93	1,73

Tafla 15: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	2,38			
2002	4	67				
2003	3	80				
2004	4	70				
2005	6	100				
2006	4	57				
2007	6	113				

Tafla 16: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	21,43		8,33	
2002	4	67	100,63	8,57	11,79	
2003	3	80	220,14	22,47	12,27	
2004	4	70	90,63	141,81	22,12	
2005	6	100	367,52	5,65	2,08	0,69
2006	4	57	334,25	36,45	5,00	
2007	6	113	245,94	21,64	3,40	0,93

Tafla 17: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	1,22	2,61	1,04	0,87	
2002	4	1395		0,14	0,65	0,14	0,07
2003	4	1645	1,52	2,67	1,22	0,36	
2004	4	956	1,88	7,01	0,84		
2005	4	1352	2,96	5,47	0,30		
2006	4	1168	2,31	6,51	1,97		
2007	4	1195	1,59	4,60	2,01		

Tafla 18: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725					
2002	4	1395	0,14				
2003	4	1645					
2004	4	956	0,10				
2005	4	1352					
2006	4	1168					
2007	4	1195					

Tafla 19: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	2,72	0,58			
2002	4	1395	2,51				
2003	4	1645	11,49	1,64	0,06		
2004	4	956	14,33	1,05	0,10		
2005	4	1352	23,08	1,18			0,07
2006	4	1168	18,84	3,68	0,34		
2007	4	1195	16,90	0,67	0,08		

Tafla 20: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	18,18	30,30	3,03	12,12
2002	4	67	8,96	7,46	2,99	19,40
2003	3	80	16,25	22,50	5,00	1,25
2004	4	70	35,71	31,43	12,86	
2005	6	100	64,00	35,00	2,00	3,00
2006	4	57	26,32	45,61	12,28	
2007	6	113	7,08	23,89	34,51	1,77

Tafla 21: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	3,03			
2002	4	67				
2003	3	80				
2004	4	70				
2005	6	100				
2006	4	57				
2007	6	113				

Tafla 22: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2007 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+
2001	2	33	18,18		6,06	
2002	4	67	110,45	5,97	11,94	
2003	3	80	197,50	20,00	6,25	
2004	4	70	104,29	122,86	12,86	
2005	6	100	337,00	8,00	3,00	1,00
2006	4	57	296,49	26,32	3,51	
2007	6	113	217,70	19,47	3,54	0,88

Tafla 23: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2007.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,67	0,67	27	6,39	0,51	55	8,65	0,43	19	10,38	0,61	19			
2002	4,32	0,83	6	7,17	0,56	7	8,65	0,57	11	11,52	0,62	15	13,5		1
2003	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7			
2004	4,52	0,49	42	8,35	0,77	90	11,21	1,22	17						
2005	3,75	0,31	104	7,64	0,71	109	11,87	0,63	6	12,97	0,50	3			
2006	3,75	0,34	42	6,74	0,50	102	11,20	0,66	30						
2007	4,22	0,38	27	7,50	0,55	82	10,98	0,77	63	13,20	0,00	2			

Tafla 24: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2007.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,52	0,75	6	2,91	0,50	48	7,68	1,83	18	12,39	2,15	19			
2002	0,67	0,22	6	3,93	0,80	7	5,26	1,62	11	16,81	4,01	15	21,30		1
2003	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7			
2004	0,97	0,36	42	6,29	1,64	90	15,84	5,90	17						
2005	0,57	0,16	103	5,05	1,45	109	21,13	4,31	6	27,67	1,96	3			
2006	0,60	0,15	42	3,29	0,73	102	16,11	3,10	30						
2007	0,86	0,23	27	4,68	1,13	82	14,92	3,30	63	25,25	2,47	2			

Tafla 25: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2007 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,39	0,51	6	1,12	0,15	48	1,17	0,18	18	1,10	0,12	19			
2002	0,93	0,46	6	1,05	0,04	7	0,80	0,13	11	1,09	0,15	15	0,87		1
2003	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7			
2004	1,02	0,22	42	1,05	0,07	90	1,08	0,09	17						
2005	1,07	0,14	103	1,10	0,06	109	1,25	0,12	6	1,27	0,06	3			
2006	1,13	0,19	42	1,06	0,06	102	1,13	0,09	30						
2007	1,13	0,17	27	1,09	0,08	82	1,11	0,08	63	1,10	0,11	2			

Tafla 26: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2007.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,68	0,46	53	7,08	0,42	10	9,50		2						
2002	5,16	0,54	109	7,65	0,54	4	9,33	0,71	8						
2003	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6						
2004	5,19	0,48	210	6,13	0,50	96	11,06	1,08	10						
2005	4,34	0,48	648	7,31	1,50	25	11,00	0,95	3	13,80		1	17,60		1
2006	4,26	0,46	389	7,86	0,82	58	10,02	0,69	6						
2007	4,92	0,50	448	8,39	0,62	30	11,56	0,46	5	13,60		1			

Tafla 27: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2007.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,93	0,12	6	4,83	1,00	10	9,00		2						
2002	1,30	0,52	109	5,15	1,24	4	9,08	2,10	8						
2003	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	3,12	6						
2004	1,59	0,53	210	2,66	0,80	96	15,53	5,36	10						
2005	1,01	0,38	461	5,00	2,99	25	15,40	3,56	3	33,90		1	58,70		1
2006	0,88	0,34	389	5,77	1,69	58	12,00	2,14	6						
2007	1,38	0,44	448	6,99	1,61	30	18,16	2,20	5	30,90		1			

Tafla 28: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2007 eftir aldri seiðanna.

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,15	0,18	6	1,35	0,06	10	1,04		2						
2002	0,93	0,24	109	1,13	0,05	4	1,10	0,06	8						
2003	1,14	0,16	303	1,24	0,14	43	1,13	0,08	6						
2004	1,10	0,16	210	1,13	0,11	96	1,10	0,09	10						
2005	1,13	0,14	461	1,14	0,07	25	1,15	0,03	3	1,29		1	1,08		1
2006	1,09	0,15	389	1,16	0,07	58	1,19	0,05	6						
2007	1,12	0,11	448	1,16	0,08	29	1,17	0,04	5	1,23		1			

Tafla 29: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2007 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	6,6	15,5	21,8	23,0		66,9
2002		0,4	2,0	1,3	1,0	4,7
2003	2,2	20,7	38,9	11,7		73,5
2004	2,2	53,1	15,2			70,5
2005	1,3	25,0	4,3			30,6
2006	3,1	33,6	29,7			66,3
2007	1,3	21,6	37,2			60,1

Tafla 30: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2007 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001*						0,0
2002	0,2					0,2
2003						0,0
2004	0,4					0,4
2005						0,0
2006						0,0
2007						0,0

* eina bleikjan sem veiddist var ekki vigtuð

Tafla 31: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2007 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	5,9	8,1				14,0
2002	2,6					2,6
2003	35,0	26,5	1,1			62,6
2004	35,6	7,2	1,8			44,6
2005	72,9	20,0			12,7	105,6
2006	36,5	57,0	11,6			105,1
2007	29,5	7,0	3,5			40,0

Tafla 32: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2007.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veði	161	14	597
Sleppt	156	7	324
Afli	5	7	273

Tafla 33: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2007.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veði	82	73	6	161
Sleppt	81	70	5	156
Afli	1	3	1	5

Tafla 34: Laxveiðin í Húseyjarkvísl 2007. Skipt eftir aldri í sjó og kyni. Skipting milli smálax og stórlax er við 3,5 kg hjá hrygnum en 4 kg hjá hængum (meðalþ. = meðalþyngd í kg).

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Ókyngur.			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	14	2,3	48,3	14	2,5	48,3	1	3,0	3,4	29	2,4
2	1	4,0	12,5	7	4,7	87,5	0		0,0	8	4,6
Óvíst	67		54,0	52		41,9	5		4,0	124	
Alls	82	2,4	50,9	73	3,2	45,3	6	3,0	3,7	161	2,9